

SAMÞYKKTIR

FYRIR

ICELANDAIR GROUP HF.

- I. kafli Heiti félagsins, heimili og tilgangur**
- II. kafli Um hlutafé og meðferð hluta**
- III. kafli Um félagsfundi**
- IV. kafli Stjórn félagsins o.fl.**
- V. kafli Reikningshald, endurskoðun o.fl.**
- VI. kafli Breytingar á samþykktum, slit o.fl.**

I. kafli

Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess **Icelandair Group hf.**

2. gr.

Heimili félagsins er að Reykjavíkflugvelli, Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er kaup og sala hlutabréfa, þá einkum eignarhald á hlutabréfum í öðrum félögum sem starfa á vettvangi flugrekstrar, ferðaþjónustu og flutningastarfsemi, kaup og sala fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

II. kafli

Hlutafé félagsins

4. gr.

Hlutafé félagsins er 1.000.000.000 – einn milljarður króna. – Hver hlutur er að fjárhæð ein króna eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

Stjórn félagsins er heimilt að gefa út skuldabréf að nafnverði kr. 2.000.000.000, sem bera skulu sex mánaða REIBOR vexti, með 3,5% álagi, til fimm ára, en fjöldi skuldabréfa skal vera að vali stjórnar, með vaxtagjalddögum á sex mánaða fresti, utan þess að fyrsta vaxtatímabilið skal taka til 15 mánaða, með breytirétti yfir í hluti í félaginu á genginu 29,7. Að sjálfu leiðir, að þá er stjórn félagsins heimilt að gefa út nýja hluti í félaginu til samræmis við framangreinda heimild til þeirra eigenda skuldabréfa með breytirétti sem þess óska í samræmi við eftirfarandi reglur. Hluthafar falla frá forkaupsrétti að hækkuninni. Heimild þessi stendur í fimm ár frá 24. nóvember 2006.

Stjórn félagsins er veitt heimild til þess að samþykkja kaupréttaráætlun fyrir lykilstarfsmenn félagsins og/eða dótturfélaga þess sem felur í sér heimild þeirra til þess að kaupa nánartilgreinda hluti í félaginu. Í þeim tilgangi að uppfylla framangreinda kaupréttaráætlun, þá er stjórn félagsins veitt heimild til að auka hlutafé þess um allt að kr. 60.000.000 –sextíumilljónir 00/100 að nafnverði, eða allt að 6% af skráðu hlutafé félagsins á hverjum tíma, sem skal nýtt til þess að uppfylla framangreinda samninga um kauprétt. Söluverð hlutanna til

kaupréttarhafa, skal ákveðið af stjórn félagsins hverju sinni, en skal þó ekki vera lægra en gengið 27, en skal að öðru leyti ráðast af meðalgengi markaðsviðskipta með hluti í félaginu tíu dögum fyrir undirritun hvers kaupréttarsamnings. Aukningarheimild þessi gildir í fimm ár frá samþykkt hennar, og getur stjórn nýtt hana í heild eða að hluta eins og hún kýs. Forgangsréttur hluthafa samkvæmt samþykktum félagsins gildir ekki við hlutafjánhækkun samkv. framangreindri heimild stjórnar. Verði hlutafé félagsins aukið á heimildartímabilinu umfram kr. 1.000.000.000 hækkar ofangreind heimild, þannig að hún tekur ávallt til allt að 6% af heildarhlutafé félagsins eins og það er á hverjum tíma. Framangreindir hlutir eru ekki háðir viðskiptahömlum. Hinir nýju hlutir veita réttindi í félaginu frá skráningu þeirra.

Ef stjórnin nýtir heimild skv. 2. mgr. 4. gr. skal orðalag skuldabréfa með breytirétti um breytirétt vera eftirfarandi:

(a) Eigendum skuldabréfanna („Eiganda“) er heimilt að breyta höfuðstól skuldarinnar í hlutafé í Icelandair Group („útgefanda“). Breytirétturinn ávinnst hlutfallslega á líftíma skuldabréfsins þannig að Eigandi eignast rétt til þess að breyta 20% af höfuðstól skuldarinnar í hlutafé fyrir hvert ár sem liðinn er af líftíma bréfsins. Þannig eignast Eigandi 20% breytirétt á þeim degi („Breytiréttardegi“) þegar eitt ár er liðið frá útgáfu skuldabréfsins, 20% til viðbótar á þeim degi þegar tvö ár eru liðin frá útgáfu skuldabréfsins o.s.frv.

Eigandi skal eiga breytirétt á genginu 29,7 („Breytigengið“) eins og því kann að vera breytt skv. (b)-lið hér að neðan. Fjöldi þeirra hluta sem Eigandi á rétt til skal ákvarðast samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = HST / BG$$

þar sem :

H merkir þann fjölda hluta í skuldara sem eigandi á rétt til;

HST merkir höfuðstól skuldar samkvæmt skuldabréfinu; og

BG merkir Breytigengið, að teknu tilliti til leiðréttinga skv. b-lið.

(b) Breytigengið skal taka breytingum í samræmi við neðangreint:

(i) Verði arður greiddur til hluthafa útgefanda á gildistíma skuldabréfsins skal Breytigengið lækka í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$ABG = BG - (A / H)$$

þar sem:

ABG merkir aðlagð breytigengi miðað við arðgreiðslur;

BG merkir upphaflegt breytigengi, eftir atvikum eins og það kann að hafa verið aðlagð í samræmi við lið (b) þegar arðgreiðslan á sér stað;

A merkir heildarfjárhæð þess arðs sem úthlutað er; og

H merkir fjölda útistandandi hluta í útgefanda við útgreiðslu arðsins.

Sé arður greiddur út í öðru en reiðufé skal heildarfjárhæð arðs miðast við verðmæti arðgreiðslunnar þann dag sem arður er greiddur út.

(ii) Verði hlutfé í skuldara hækkað með útgáfu jöfnunarhluta, sbr. V. kafla laga um hlutfélög nr. 2/1995, eða lækkað í þeim tilgangi að jafna tap, sbr. 1. tl. 2. mgr. 51. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995, skal Breytigengi breytast í réttu hlutfalli við slíka breytingu á fjölda hluta í útgefanda.

(iii) Verði gerðar breytingar á nafnverði hvers hlutar í útgefanda skal Breytigengið breytast í réttu hlutfalli við breytingu á nafnverði hlutanna.

(c) Verði Útgefanda slitið eða hann sameinaður eða yfirtekinn af öðru félagi þannig að starfsemi Útgefanda verði fram haldið í öðru félagi, skal Eiganda tilkynnt skriflega um slíkar fyrirætlanir. Skal Eigandi hafa 14 daga, frá móttöku slíkrar tilkynningar, til að ákveða hvort skuld samkvæmt skuldabréfi þessu verði breytt í hlutfé þá þegar eða ekki. Í slíkum tilvikum skal skuldari eiga rétt til þess að breyta öllum höfuðstól skuldarinnar í hluti, án tillits til 20% hlutfallsreglu í (a)-lið hér að framan. Ákveði Eigandi að breyta skuldinni í hlutfé, skal Útgefandi tryggja að skuldinni verði breytt í hluti í Útgefanda þannig að réttindi Eiganda í yfirtökufélagi eða nýju félagi verði með sama hætti og annarra hluthafa í Útgefanda.

(d) Hækkun hlutfjár Útgefanda, skv. V. kafla laga um hlutfélög nr. 2/1995, þar sem greitt er fyrir hina nýju hluti skal ekki hafa áhrif á breytirétt Eiganda, enda sé endurgjaldið sem greiða á fyrir hlutina ekki lægra en 85% af markaðsgengi Útgefanda þegar ákvörðun um sölugengi nýrra hluta er tekin. Sé sölugengi hinna nýju hluta lægra en framan greinir skal Eiganda tilkynnt um fyrirætlun um hækkun og honum gefinn 14 daga frestur til þess að breyta skuld sinni í hluti þannig að hann geti tekið þátt í hækkuninni.

(e) Önnur atvik varðandi Útgefanda, þ.á m. eftirfarandi, skulu ekki hafa áhrif á breytirétt Eiganda:

(i) Lækkun hlutfjár Útgefanda með greiðslu til hluthafa, sbr. 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995;

(ii) útgáfa nýrra breytanlegra skuldabréfa, sbr. VI. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995;

(iii) útgáfa áskriftarréttinda, sbr. V. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995;

(iv) samruni Útgefanda við annað/önnur félög, sbr. XIV. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995, þar sem Útgefandi heldur áfram starfsemi undir núverandi kennitölu.

(f) Eigandi skal nýta sér breytiréttinn með því að senda tilkynningu þess efnis til útgefanda á tveggja vikna tímabili fyrir Breytiréttardag. Eiganda er aðeins heimilt að nýta allan hluta þess breytiréttar sem áunnist hefur en ekki hluta hans. Tilkynning Eiganda skal skoðast sem bindandi áskrift að viðkomandi hlutum. Útgefandi er skuldbundinn til þess að hækka hlutafé sitt sem nemur fjölda þeirra hluta sem Eigandi á rétt til skv. (a)-lið hér að framan og afhenda Eiganda innan 14 daga frá Breytiréttardegi.

(g) Þegar kröfu skv. skuldabréfi þessu hefur verið breytt í hlut í Útgefanda skv. framangreindu skal sá hluti skuldarinnar sem breytt hefur verið, teljast að fullu greiddur. Kveðið hefur verið á um breytirétt þennan í samþykktum skuldara í samræmi við VI. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgang að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra í félaginu og innan tímamarka sem greind verði í samþykkt um aukningu hlutafjár. Nú neytir einhver hluthafa ekki forgangsréttar síns og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Hluthafafundur getur með 2/3 hluta atkvæða ákveðið að víkja frá forgangi við hækkun hlutafjár, enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað.

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsludags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að grípa til annarra þeirra vanefndaúrræða sem lög heimila á hverjum tíma.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Hlutafé er allt jafnrétthátt.

6. gr.

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Félagsstjórn skal halda hlutaskrá í löggiltu formi. Eignarskráning í verðbréfamiðstöð skoðast fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og fullnægjandi grundvöllur skráningar í hlutaskrá.

Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

7. gr.

Heimilt er að selja og veðsetja hluti í félaginu án takmarkana nema annars sé getið í lögum.

Um sölu hluta til erlendra aðila gilda ákvæði íslenskra laga svo sem þau eru á hverjum tíma.

Eigendaskipti á hlutum, hvort sem verða við sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal þegar tilkynna skrifstofu félagsins og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hluti í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt um og fært sönnur á eignarrétt sinni að hlutum.

Gagnvart félaginu skal hlutaskrá skoðast fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna vanrækslu hluthafa á að tilkynna eigendaskipti eða breytingar á heimilisfangi.

8. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

Hluthöfum skal ekki skylt að sæta innlausn á hlutum sínum nema lög mæli svo fyrir.

9. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti á hluti sína í félaginu nema lög leyfi. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Félaginu er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum, forstjóra eða framkvæmdastjórum félagsins lán, né setja tryggingu fyrir þá. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána eða kaupa starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum eða kaup á hlutum fyrir þá svo sem lög heimila.

10. gr.

Hluthöfum er skylt án sérstakrar skuldbindingar að hlíta samþykktum félagsins, bæði þeim sem nú eru og síðar kunna að verða settar á löglegan hátt. Hluthafar verða ekki, hvorki með samþykktum félagsins né með lagabreytingum skyldaðir til að auka hlutfjárreign sína.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig frekari ábyrgð með sérstökum löggerningi. Á ákvæði þessu getur engin breyting orðið með neins konar samþykktum hluthafafunda.

III. kafli

Hluthafafundir

11. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda, innan þeirra takmarka sem samþykktir þessar og lög setja.

Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum.

Öllum hluthöfum skal heimilt að sækja hluthafafund, taka þar til máls og neyta atkvæðaréttar síns.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Endurskoðandi félagsins og forstjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum, þótt ekki séu þeir hluthafar.

Stjórn félagsins er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti, þar með talið greitt atkvæði, án þess að vera

á fundarstað. Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal um það sérstaklega getið í fundarboði og leiðbeiningar varðandi þátttöku veittar.

Skal hluthafi sem hyggst nýta sér rafræna þátttöku tilkynna skrifstofu félagsins þar um með skriflegum hætti eigi síðar en 5 dögum fyrir boðaðan hluthafafund. Tilkynningunni skulu fylgja skriflegar spurningar er varða dagskrá fundarins eða framlögð skjöl, óski þeir svara á fundinum.

Telji stjórn félagsins ekki vera fyrir hendi ástæður eða aðstæður til að bjóða upp á þátttöku með rafrænum hætti skal hluthöfum þó veittur kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Í fundarboði skal kveðið á um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir auglýstan hluthafafund.

Að öðru leyti en hér er kveðið á um skal um rafræna þátttöku og/eða rafrænar atkvæðagreiðslur gilda ákvæði 80. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. lög nr. 89/2006.

12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, sem og ef endurskoðandi félagsins eða hluthafar sem ráða yfir 1/10 hlutafjár í félaginu krefjast þess skriflega. Skulu þeir þá jafnframt senda stjórninni greinargerð um það hvers vegna þeir krefjast fundarins, og tilkynnir stjórnin hluthöfum fundarefni með fundarboðinu.

Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar í síðasta lagi innan 14 daga frá því er henni berst slík krafa. Hafi félagsstjórnin ekki boðað til fundar innan þess tíma geta hluthafar krafist þess að fundur verði boðaður samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.

13. gr.

Til hluthafafundar, þar með talið aðalfundar, skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, með símskeyti eða á annan sannanlegan hátt, eða eftir ákvörðun stjórnar með auglýsingu í dagblöðum, með minnst viku fyrirvara. Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef réttilega er til hans boðað. Skal mæting miðast við afhenta atkvæðaseðla.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferða á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögum til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði. Sjö dögum fyrir hluthafafund hið skemmsta skulu dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins samkvæmt samþykktum þessum.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Löglega frambornar viðauka- og breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis. Aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

14. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og starfsemi á hinu liðna starfsári.
2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til staðfestingar.
3. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
5. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins.
6. Kosin stjórn félagsins.
7. Kosnir endurskoðendur félagsins.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega kunna að verða lögð fyrir fundinn.

15. gr.

Formaður stjórnar félagsins eða kjörinn fundarstjóri stjórnar hluthafafundinum og stjórnar kjöri fundarritara. Fundarstjóri skal í upphafi fundar kanna hvort löglega hafi verið til hans boðað og gefa yfirlýsingu um hvort svo sé. Fundarstjóri stýrir umræðum og atkvæðagreiðslu.

16. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár í hlutafé.

Á hluthafafundinum ræður afl atkvæða úrslitum allra venjulegra mála, nema öðruvísi sé mæti í samþykktum þessum eða lögum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum.

17. gr.

Í sérstaka gerðabók skal rita stutta skýrslu um það sem gerist á hluthafafundum og bóka allar ákvarðanir fundarins og úrslit atkvæðagreiðslna. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, sem gerist á hluthafafundinum.

IV. kafli

Stjórn félagsins o.fl.

18. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum og þremur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmannanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, eða aukafundar þegar stjórnarkjör er þar á dagskrá. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfund sem þannig gefa kost á sér.

Á aðalfundi fara fram bundnar kosningar til stjórnar, þannig að kosið er um þá eina sem gefið hafa kost á sér með tilskyldum fyrirvara.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan tilsetts frests úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutafélags skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

19. gr.

Félagsstjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórnin ræður forstjóra félagsins og ákvarðar starfskjör hans. Félagsstjórn og forstjóri fara með stjórn félagsins.

Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur félagið.

20. gr.

Félagsstjórn skal kjósa sér formann og varaformann úr sínum hópi, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.

Formaður kveður til stjórnarfundar og sér til þess að allir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Stjórnarfundur skal halda hvenær sem formaður telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða til stjórnarfundar að kröfu eins stjórnarmanns eða forstjóra. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess, að allir stjórnarmenn hafi tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Falli atkvæði jöfn er málið fallið.

Forstjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Haldin skal gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum, sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Sé einhver stjórnarmanna eða forstjóri ekki sammála ákvörðun stjórnar á viðkomandi rétt til þess að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

21. gr.

Forstjóri og félagsstjórn fara saman með stjórn félagsins.

Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórnin hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal forstjóri hafa samráð við stjórnarformann, sé þess kostur, og síðan skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Forstjóri skal sjá um, að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum félagsins allar upplýsingar um rekstur þess sem þeir kunna að óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

V. kafli

Reikningshald, endurskoðun o.fl.

22. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfirma til eins árs í senn, til að rannsaka reikninga félagsins og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Skal endurskoðandi hafa aðgang að öllum bókum félagsins og skjölum í þeim tilgangi. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins. Um hæfi og hlutgengi endurskoðenda fer að öðru leyti að lögum.

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

VI. kafli

Breytingar á samþykktum, slit o.fl.

23. gr.

Samþykktum þessum má einungis breyta á löglegum aðalfundi eða aukafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sbr. 93. gr. hfl.

24. gr.

Um slit á félaginu, skiptingu þess eða samruna fer að gildandi lögum um hlutafélög.

25. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum gildandi laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt.

Þannig samþykkt á hluthafafundi þann 28. desember 2006, og breytt á aðalfundi 13. mars 2007.

F.h. stjórnar Icelandair Group hf.

Jón Karl Ólafsson,
forstjóri Icelandair Group hf..